



Eikin

**Deild fyrir börn með einhverfu í
Holtaskóla**

Handbók

Eikin, deild fyrir börn með einhverfu í Holtaskóla.

Deildin er hluti af Holtaskóla og starfar í anda hans. Leiðarljós skólans er á þessa leið: **Holtaskóli er samfélag sem einkennist af virðingu, ábyrgð, virkni og ánægju.**

Almennt um deildina

Eikin er sérdeild fyrir börn með einhverfu í Reykjanesbæ.

Eikin var stofnuð við Holtaskóla haustið 2001.

Kennslufyrirkomulag er miðað við TEACCH líkanið og þjálfun fer fram með atferlismótun að hluta. Kennsla í deildinni er að öðru leyti byggð á aðalnámskrá grunnskóla.

Nemendur deildarinnar sækja tíma með sínum jafnöldrum eftir því sem við verður komið og njóta þá aðstoðar stuðningsfulltrúa. Þeir fá einnig viðbótartíma í leikfimi og sundi.

Inntökuskilyrði

Til að barn fái inngöngu í Eikina þarf að liggja fyrir formleg ósk foreldra þar sem fram kemur rökstuðningur með umsókninni. Enn fremur þarf að fylgja með staðfesting frumgreiningar frá þriðja stigs greiningaraðila sem felur í sér að barnið sé með alvarlega hamlandi einhverfurófs einkenni. Jafnframt staðfesting á að heimaskóli barnsins sé ekki í stakk búinn til að mæta þörfum þess. Umsókn skal berast til Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Sérstakt inntökuteymi fjallar síðan um umsóknina og tekur ákvörðun um inntöku á sérstökum fundi. Á þann fund mætir jafnframt umsjónarmaður barnsins með þau greiningargögn sem eru til staðar.

Hlutverk sérdeildar fyrir einhverfa í Holtaskóla


Einhverfudeild er úrræði sem víkur frá hinu almenna. Einhverfudeild er n.k. heimastofa nemandans og þátttaka í bekk fer eftir getu hvers og eins.

Hlutverk einhverfudeildarinnar er að veita nemendum deildarinnar þjálfun og stuðning við nám við hæfi. Allir nemendur deildarinnar eru með einstaklingsnámskrá, sem er að jafnaði metin 2x á ári (*sjá neðar*). Við gerð einstaklingsnámskrár er bekkjarnámskrá viðkomandi nemanda höfð til hliðsjónar og reynt að nýta eins mikið og hægt er úr þeirri námskrá. Að gerð einstaklingsnámskrár koma bæði foreldrar og fagfólk sérdeildarinnar.

Stefna Eikarinnar

- að veita nemendum með einhverfu nám og námsumhverfi í samræmi við þeirra þarfir
- að gera einstaklingsmiðaða námskrá og allir nemendur deildarinnar fái kennslu, þjálfun og verkefni sem best hæfir hverjum og einum
- að nemendur auki sjálfstraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna
- að nemendur efla hæfileika sína og færni til að takast á við viðfangsefni daglegs lífs
- að nemendur þjálfí vinnufærni sína
- að efla félagsfærni nemenda

Skipurit deildarinnar



Ráðgjöf starfsfólks deildarinnar

Deildarstjóri og þroskaþjálfar í sérdeildinni veita ráðgjöf og stuðning til kennara og annars starfsfólks skólans sem hafa umsjón með nemendum með greiningu á einhverfurófinu.

Ráðgjöf við aðra skóla

Starfsmenn deildarinnar veita starfsfólki í öðrum skólum í Reykjanesbæ ráðgjöf og aðstoð ef þörf er á vegna nemenda í þeim skólum sem eru greindir með einhverfu. Umsjón þeirrar ráðgjafar er í höndum deildarstjóra.

Nemendur einhverfudeildarinnar

Deildin er ætluð átta til tíu nemendum. Nemendur deildarinnar eru skráðir í umsjónarþekk og heyra sem slíkir undir umsjónarkennara þess þekkingar. Lagt er upp með góðu og virku samstarfi við umsjónarkennara nemenda sérdeildarinnar. Markmið er að hver og einn nemandi fái það námsumhverfi innan deildar sem ekki er hægt að mæta innan þekkingar. Það er einstaklingsbundið hve mikið nemendur geta verið í þekkingum sínum og fer það eftir getu hvers og eins. Þetta er metið reglulega og eru foreldrar upplýstir jafnóðum ef breytinga er þörf.

Foreldrafundurir fylgja þeim fundum sem eru á skóladagatali, en foreldrar geta alltaf óskað eftir fundi utan þess ramma. Þá getur starfsfólk deildarinnar óskað eftir fundi með foreldrum. Það er markmið starfsfólks deildarinnar að eiga góð samskipti við nemendur og foreldra. Reynt er af fremsta megni að mæta óskum og þörfum þeirra. Öryggi og líðan nemenda deildarinnar er ávallt í fyrirrúmi.

Stuðningsfulltrúar fylgja nemendum milli skólastofa og í frímínútum og hádegi.

Einstaklingsnámsskrá

Kennarar og þroskaþjálfar í sérdeild vinna einstaklingsnámsskrá fyrir hvern og einn nemanda undir umsjón deildarstjóra. Áhersla er lögð á að nýta áhugamál nemendanna og sterku hliðar þeirra. Þar koma einnig fram bakgrunnsupplýsingar um nemandann, staða í námi, markmið og leiðir til að ná áætluðu markmiði. Reynt er að koma til móts við náms- líkamlegar- félags- og tilfinningalegar þarfir hvers og eins. Í langflestum tilvikum þarf að endurvinnna námsefni sem til er svo það gangist nemendum með einhverfu og oftast en ekki þarf að búa til alveg nýtt. Oft má finna gagnlegt námsefni á veraldarvefnum,

þó það geti tekið tíma að finna það sem hentar.

Einstaklingsnámsskrá er venjulega gerð við upphaf haustannar og endurskoðuð við annarskil og oftar ef þurfa þykir. Áhersla er lögð á að markmið einstaklingsnámsskrár séu mælanleg eins og kostur er og minni áhersla á huglægt mat. Sett eru námsleg og félagsleg markmið.

Námsmat er með margvíslegum hætti;

- Nemendur deildarinnar taka sama próf og bekkjarfélagar
- Nemendur deildarinnar taka aðlöguð próf
- Þroskþjálfar og kennarar deildarinnar leggja fyrir einstaklingsmiðuð próf í samræmi við námsefnið
- Þroskþjálfar og kennarar deildarinnar gefa umsögn um frammistöðu

Teymisfundir

Teymisfundir eru samráðsfundir foreldra og þeirra þjónustuaðila sem koma að barninu. Í einhverfudeild Holtaskóla er lagt upp með að það sé foreldranna að ákveða hvort þau vijli slíka fundi fyrir barnið sitt. Skólinn eða aðrar þjónustustofnanir geta óskað eftir því, en að það sé ákvörðun foreldra hvort teymi sé stofnað. Samskiptabækur eru notaðar til daglegra samskipta.

Kennsluumhverfi

Í deildinni er unnið eftir hugmyndafræði TEACCH módelsins (Treatment and education of autistic and related communication handicapped children). Einnig er unnið eftir hugmyndafræði atferlismótunar.

Skipulögð kennsla; TEACCH

Skipulögð kennsla byggð á líkani TEACCH er meðferð og kennsla fyrir börn með einhverfu og fjölskyldur þeirra. Markvisst er fengist við þætti sem styrkja boðskipti, færni, sjálfstæði og áhuga einstaklingsins.

Meginhugmyndafræði TEACCH er að leggja áherslu á sérþarfir barna með einhverfu og leitast er við að skipuleggja og aðlaga umhverfið til að auðvelda þeim að lifa og starfa í heimi þeirra sem ekki eru með einhverfu og gengið er út frá því að flestir með einhverfu:

- hafa m.a. boðskiptatruflanir
- eiga í erfiðleikum með tengsl og samspil
- hafa þörf fyrir reglu
- hugsa hlutlægt
- vilja festast í ákveðnum athöfnum
- hafa góðan sjónrænan skilning

Samkvæmt hugmyndafræði TEACCH skal skipulögð kennsla vera höfð að leiðarljósi við mótun kennsluáætlunar og skipulags. Kennsluumhverfið og aðstæður skulu mótaðar fyrir hvern einstakling fyrir sig og byggjast á sterkum þáttum einstaklingsins og fela í sér:

- að aðstæður og verkefni séu sjónrænt greinileg
- að einstaklingurinn skilji til hvers sé ætlast af honum
- að athafnir og verkefni hafi greinilegt upphaf og endi
- yfirfærsla á námi, að einstaklingurinn geti lært við mismunandi aðstæður
- endurtekningu, mikil þörf fyrir reglu

- sjálfstæði, að uppbyggingin stuðli að sjálfstæði
- foreldrasamstarf, áhersla er lögð á samvinnu við foreldra og forráðamenn

Skipulagning á daglegu lífi eins og að setja upp dagskrá, vinnukerfi og aðrar sjónrænar vísbendingar er áhrifamikil leið til að auka færni einstaklinga með einhverfu og um leið auka sjálfstæði þeirra. Mikilvægt er að huga að þessum þáttum í ljósi þess að einstaklinga með einhverfu skortir gjarna frumkvæði og sjálfstæði.

Öll verkefni og allt kennsluefni/umhverfi er sett upp á ákveðinn hátt. Hver athöfn fer fram á ákveðnum stað og hver nemandi er með afmarkað vinnusvæði. Myndir eru gjarnan notaðar til að merkja svæðin og verkefni. (Division TEACCH, 2004).

Atferlisþjálfun

Aðferðir snemmtækrar atferlisþjálfunar voru þróaðar af Dr. Ivar Lovaas (1987) og samstarfsfólki hans upp úr 1970 og byggðust á fjölda rannsókna á atferlismótun í kennslu barna með einhverfu.

Í atferlisþjálfun er unnið samkvæmt snemmtækri íhlutun og ætti þjálfunin því að hefjast um leið og einstaklingurinn hefur verið greindur. Atferlisþjálfun nýtist mörgum einstaklingum með einhverfu, en þó ekki öllum (Harris og Weiss, 1998). Í atferlisþjálfun eru aðferðir atferlisgreiningar notaðar til að kenna barninu að veita umhverfi sínu meiri athygli og læra af því. Barninu er kennd hegðun sem það hefur að litlu eða engu leyti á valdi sínu, t.d. tal, sjálfshjálp, leik og félagsleg samskipti. Um leið er lögð áhersla á að draga úr eða uppræta óæskilega hegðun, t.d. þráhyggjukennda hegðun (Umsjónarfélag einhverfra, 2001). Í þjálfuninni er allt það sem til stendur að kenna barninu brotið niður í lítil mælanleg skref. Hvert skref er kennt með því að nota skýrar vísbendingar (öðru nafni greinireiti). Í byrjun þarf oft að nota styringu til þess að ná fram réttari svörun hjá barninu og jafnframt fyrirbyggja að það upplifi endurtekin mistök (Sigríður Lóa Jónsdóttir og Ingólfur Einarsson, 2005). Markmiðið með þjálfuninni er að barnið nái tókum á færni sem stuðlar að þroska þess og að það öðlist eins mikið sjálfstæði og kostur er (Sigríður Lóa Jónsdóttir og Ingólfur Einarsson, 2005).

Umgjörð starf sérdeilda fyrir einhverfa nemendur

Starf sérdeildarinnar tekur mið af lögum um grunnskóla, eftir reglugerð um sérdeildir og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem við eiga.

Einnig tekur starfið mið af siðareglum þeirra stétta sem þar starfa.

Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun í grunnskóla; PBS

Holtaskóli starfar eftir hugmyndafræði um heildstæðan stuðning við jákvæða hegðun í grunnskóla (PBS). Nemendur Eikarinnar taka þátt í þessu starfi með öðrum í skólanum og fylgjast stuðningsfulltrúar með því að þeir fari eftir settum reglum og hvetja þá til þess.

Hvað er einhverfa?

Bandaríski geðlæknirinn Leo Kanner (1943) var fyrstur manna til að lýsa einhverfu á fræðilegan hátt. Einhverfa er röskun á taugaproska, sem talið er að verði yfirleitt á fósturstigi, en geti haldið áfram eftir fæðingu. Afleiðingar hennar eru ákveðin einkenni í hegðun sem þó hafa mismunandi birtingarform og geta auk þess breyst með aldri barnsins. Einkenni einhverfu koma einkum fram í skorti á félagslegu samspili og

boðskiptum, en einnig í einhæfri, endurtekinni og árátukenndri hegðun. Til þess að fá greiningu á einhverfurófinu þarf ákveðinn fjölda og styrk fyrrgreindra einkenna (Evald Sæmundsen, 2003). Greiningar- og flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, ICD-10 (International Classification of Disorders, 10. útgáfa) (World Health Organization, 1993) gerir ráð fyrir nokkrum flokkum á einhverfurófi. Algengustu flokkarnir eru einhverfa, ódæmigerð einhverfa og Aspergersheilkenni.

Einkennum sem stuðst er við í greiningu á einhverfurófinu er skipt í þrjú svið samkvæmt Greiningar- og flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar (World Health Organization, 1993). Skilyrði fyrir greiningunni *einhverfa* er að barnið uppfylli einhverja þætti í öllum þremur sviðunum. Auk þess verður greining að hafa átt sér stað fyrir þriggja ára aldur barnsins. Sviðin þrjú sem um ræðir eru þessi:

1. Tengslamyndun:

- a) Skortur á augnsambandi, svipbrigði, líkamsstaða eða hreyfingar eru ekki notuð á venjulegan hátt í samskiptum við aðra.
- b) Tengsl við jafnaldra þróast ekki á venjulegan hátt, svo sem að deila áhugamálum eða tilfinningum.
- c) Skortur á félagstilfinningalegri gagnkvæmni.
- d) Lítil eða engin viðleitni til að deila gleði, áhugamálum eða eigin afrekum með öðrum.

2. Málþroski:

- a) Málþroski er seinkaður og stundum er um að ræða talleysi. Engin eða lítil viðleitni til að bæta upp skerta getu á málsviðinu með bendingum eða svipbrigðum.
- b) Skortur á frumkvæði til samskipta og að halda gangandi samræðum sem byggjast á gagnkvæmni og fela í sér svörun við því sem hinn aðilinn hefur til málanna að leggja.
- c) Stegld eða sérkennileg málnotkun, t.d. endurtekingar og stagl, fornafnarugl eða nýyrðasmíð.
- d) Ímyndunarleik vantar og geta til félagslegs eftirhermuleiks er skert.

3. Árátukennd hegðun:

- a) Óvenjuleg áhugamál og hugðarefni sem þróast lítið og geta orðið hindrun í samskiptum við aðra.
- b) Árátukennd þörf fyrir að fylgja ákveðnum föstum venjum, t.d þörf til að segja hluti á ákveðinn hátt og stundum að aðrir svari sömuleiðis alltaf eins. Eins geta athafnir verið í óvenju föstu kerfi og ef ekki er hægt að framkvæma þær í ákveðinni röð getur það valdið uppnámi, allt frá ergelsi til bræðiskasta.
- c) Stegldar hreyfingar, svo sem sérkennilegar, endurteknar, handahreyfingar, eða flóknar hreyfingar með öllum líkamanum.
- d) Óvenjulegur áhugi á ákveðnum eiginleikum hluta og óvenjulegur áhugi á skynáreitum (World Health Organization, 1993; Páll Magnússon, 1997; Evald Sæmundsen, 2003).

Heimildir

Division TEACCH. (2004). "TEACCH- kerfið". Sótt 24.febrúar 2006 af:
http://www.teacch.com/teacch_o.htm

Evald Sæmundsen. (2003). *Einhverfa og skyldar raskanir*. Birt á vef Greiningar- og

- ráðgjafarstöðvar ríkisins þann 22. ágúst 2003. Sótt 1.mars af:
- Harris, S.L. og Weiss. M.J. (1998). *Right from the start: Behavioral intervention for young children with autism: A guide for parents and professionals and professionals*. Bethesda, MD: Woodbine House Inc.
http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/pages/umf_einhverfa.html
- Kanner, L. (1943). Autistic disturbances of affective contact. *Nervous child*, 2,217-250.
- Lovaas, O.I. (1987). Behavioral treatment and normal educational and intellectual functioning in young autistic children. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 55, 3-9.
- Páll Magnússon. (1997). Einhverfurófið. *Umsjón*. Grein birtist í 20 ára afmælisriti Umsjónarfélags einhverfra, bls. 11-14.
- Sigríður Lóa Jónsdóttir og Ingólfur Einarsson. (2005). Snemmtæk atferlisþjálfun barna með einhverfu. *Glæður*, 15, 12-19.
- Þjónustumiðstöð Breiðholts, 2006.Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun í grunnskóla. PBS GrunnupplýsingarPBS stýrihópur, Sótt af þann 11.júní 2007 af: www.fellaskoli.is
- Umsjónarfélag einhverfra. (2001). *Lög Umsjónarfélags einhverfra*. Sótt þann 22. mars 2006 af <http://www.einhverfa.is>
- World Health Organization. (1993). *The ICD-10 Classification of Mental and Behavioural Disorder*. Diagnostic criteria for research. Geneva, Switzerland; Author.